

# Úttekt Hlein Reykjalundi



Desember  
2021



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

Úttekt – Hlein Reykjalundi

**Útgefandi:**

Embætti landlæknis  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2021

© 2021 Embætti landlæknis  
Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða  
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án þess að geta heimildar.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórndendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Stefna og stjórnun .....	4
Starfsemi og þjónusta .....	4
Gæði og öryggi .....	4
Gæðavísar .....	5
Atvikaskráning og kvartanir .....	5
Þjónustukannanir .....	5
Mannauðsmál .....	5
Starfsumhverfi .....	6
Símenntun og endurmenntun .....	6
Húsnæði og búnaður .....	6
Mat embættis landlæknis .....	6

## Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum.

Að frumkvæði embættis landlæknis var gerð úttekt á sambýlinu Hlein sem Reykjalundur rekur. Tilfni úttektarinnar var ábending þess efnis að mönnun á Hlein væri ekki fullnægjandi og auknar líkur væru á að sú staða kæmi upp að öryggi væri ógnað.

Úttektin tók sér í lagi til mönnunar en einnig til atriða er varða stefnumörkun, stjórnun, gæði og öryggi þjónustunnar sem og umbótastarf.

Starfsmenn embættisins fóru í úttektarheimsókn á Hlein þann 8. nóvember 2021 og hittu íbúa Hleinar. Húsnæði Hleinar var skoðað og rætt við forstöðumann. Haldinn var fjárfundur með stjórnendum Hleinar og Reykjalundar 15. nóvember 2021. Aflað var gagna frá Hlein varðandi starfsemina, gæða- og umbótastarf, kvartanir, atvikaskráningar og mönnun.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um þætti sem voru skoðaðir en leiddu ekki til athugasemda.

Embættið þakkar stjórnendum á Hlein og Reykjalundi góða samvinnu við úttektina.

Úttektarskýrslan verður birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti.

## Stefna og stjórnun

*Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í [Stefnu fyrir heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#) og [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 til 2030](#).*

Hlein hefur sameiginlega stefnu Reykjalundar að leiðarljósi, sértæk stefnumörkun/starfsáætlun er ekki fyrir heimilið. Á Hlein er einstaklingshæfð hjúkrun. Stjórnendur greindu frá því að unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi forystu.

## Starfsemi og þjónusta

Hlein er búsetuúrræði fyrir einstaklinga sem hafa flóknar þjónustuparfir. Íbúar Hleinar hafa allir hlotið varanlegan skaða af völdum sjúkdóma eða slysa sem leitt hefur til skerðingar á hæfni þeirra til að sinna daglegum þörfum. Markmið starfseminnar er fyrst og fremst að hjálpa íbúum að lifa eins eðlilegu lífi og hægt er. Á heimilinu búa sjö einstaklingar og hefur hver fyrir sig eigin íbúð sem sniðin er að þörfum viðkomandi. Flestir íbúanna hafa búið á Hlein í áratugi, aðrir í einhver ár, nýtingin er ávallt 100%.

Hlein er rekin sem sjálfstæð eining út frá Reykjalundi og er nú fjárhagslega sjálfstæð. Þjónustusamningur var gerður við Sjúkratryggingar Íslands í nóvember 2020 þar sem skilgreining á kröfum um þjónustu og gæði kom fram. Íbúar Hleinar fá lækniþjónustu frá Reykjalundi sem og iðju-, sjúkra- og þroskaþjálfun. Kostnaður við þá þjónustu fellur á Hlein. Í húskynnum Reykjalundar er rekin lítil vinnustofa fyrir íbúa Hleinar sem stýrt er af iðjubjálfa.

## Gæði og öryggi

Gæðastefna Reykjalundar er höfð að leiðarljósi. Samkvæmt stjórnendum er unnið að umbótastarfi á kerfisbundinn hátt. Mikil umbóta- og gæðavinna er nú í gangi á Reykjalundi og Hlein tekur þátt í þeirri vinnu. Unnið er að því að skjalfesta verklagsreglur sem verða aðgengilegar í rafrænni gæðahandbók Reykjalundar. Unnið er að því að bæta skráningu í sjúkraskrárkerfið Sögu.

Ekki er gert ráð fyrir því að starfsfólk Reykjalundar aðstoði við mönnun á Hlein. Eina deildin á Reykjalundi sem veitir sólarhringsþjónustu er ekki aflögufær og er stödd í öðru húsnæði. Samstarf er milli Hleinar og líknarþjónustu Heru um líknarmeðferð er varðar einn íbúa. Starfsmenn Hleinar geta leitað eftir þjónustu frá Heru allan sólarhringinn og fengið stuðning og ráðgjöf. Í ljósi þess að mönnun er

oft lítil hefur forstöðumaður Hleinar ítrekað látið starfsfólk vita að það hafi fulla heimild til að hringja í sjúkrabíl ef það telur þörf fyrir aðstoð á meðan beðið er eftir þjónustu Heru.

### *Gæðavísar*

Fylgst er reglulega með niðurstöðum gæðavísa um byltuhættu og þrýstingssár. Gripið er til viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafana sé þeirra þörf. Fylgst er markvisst með algengi þvagfærasýkinga og notkun þvagleggja. Næringarástand íbúa er metið reglulega.

### *Atvikaskráning og kvartanir*

*Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 segir í 9. gr.: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“*

Atvik eru skráð í sjúkraskrárkerfið Sögu. Kerfisbundið er unnið úr atvikum, t.d. eru byltuatvik unnin með sjúkrabjálfa, iðjubjálfa og lækni þegar það á við. Forstöðumaður greindi frá því að markvisst er unnið að því að forðast alla beitingu nauðungar. Ekki hafa orðið nein alvarleg atvik á Hlein, þ.e. atvik sem eru tilkynningarskyld til embættis landlæknis í samræmi við 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Aðgengi að mannauðsstjóra Reykjalundar og forstöðumanni Hleinar er gott ef starfsmaður, íbúi eða ættingi vill koma einhverju á framfæri. Samkvæmt forstöðumanni Hleinar er markvisst unnið með ábendingar og kvartanir sem berast frá íbúum og/eða aðstandendum. Ábendingahnappur er á heimasíðu Reykjalundar og þar er jafnframt gefið upp netfang og símanúmer.

### *Þjónustukannanir*

Á Hlein eru ekki gerðar þjónustukannanir. Erfitt væri að gera slíka könnun ópersónugreinanlega vegna þess hve íbúar eru fáir. Samkvæmt stjórnendum er starfsfólk mjög fært að lesa í óyrst samskipti íbúa. Þeir íbúar sem geta tjáð sig láta skoðanir sínar í ljós. Á reglulegum fjölskyldufundum er sérstaklega óskað eftir álitum á þjónustunni. Aðstandendur hafa að sögn stjórnanda verið duglegir að láta vita hvað þeim finnst, bæði lýsa yfir ánægju og benda á það sem betur mætti fara.

## **Mannauðsmál**

Á Hlein starfa 20 starfsmenn. Starfshlutfall starfsmanna er frá 25% - 100%. Starfsmannavelta hefur verið mjög lítil, samkvæmt forstöðumanni. Það starfsfólk sem ráðið er til starfa í afleysingar yfir sumartímamann vinnur gjarnan nokkur ár í röð. Fram kom að margir sækjast nú eftir því að fá vinnu á Hlein, þar á meðal reyndir sjúkraliðar. Á heimilinu starfar einn hjúkrunarfræðingur sem jafnframt er forstöðumaður, iðjubjálfi, leikskólakennari, matráður, 2 sjúkraliðar, 5 félagsliðar og 9 ófaglærðir starfsmenn. Reynt er eftir fremsta megni að hafa alltaf reynslumikið starfsfólk á hverri vakt.

Ekki eru til sértæk íslensk viðmið um lágmarksmönnun fyrir heimili eins og Hlein. Ákveðið eigið viðmið Hleinar um mönnun á hverjum sólarhring liggur þó fyrir og er notað við gerð vaktaskema. Mönnunaráætlun tekur mið af umönnunarþörf íbúahópsins. Þörfin er nokkuð stöðug. Mönnunarlíkanið sem unnið hefur verið eftir lengi gerði ráð fyrir 12 stöðugildum. Á Hlein er Barthel matstækið (*e. Barthel Index*) notað til að meta umönnunarþörf ásamt faglegu mati stjórnenda og starfsfólks hverju sinni. Flestir íbúarnir er algjörlega háðir aðstoð við allar athafnir daglegs lífs eða þurfa mikla aðstoð. Umönnunarþörf íbúa hefur aukist undanfarin ár. Samkvæmt forstöðumanni er ástæðan annars vegar nýir íbúar með mikla þjónustupörf og hins vegar hefur þjónustupörf þeirra sem búið hafa lengi á heimilinu aukist með hækkandi aldri þeirra og versnun á ástandi.

Erfitt hefur verið að undanfögnu að manna vaktir vegna vinnutímastyttingar (*Betri vinnutíma vaktavinnufólks og dagvinnufólks*). Samkvæmt forstöðumanni þyrfti að bæta við um tveimur stöðugildum til að mönnun væri í samræmi við þörf og uppfylla vinnutímastyttingar. Þær aðstæður koma oft upp að forstöðumaður hefur þurft að vinna meiri umönnunarvinnu en ætlunin er og þar að leiðandi haft minni tíma til að sinna stjórnunar- gæða- og umbótaverkefnum. Til að mæta

mönnunarvanda var ákveðið að láta á það reyna að hafa einn starfsmann í stað tveggja fyrir hádegi virka daga á vinnustofunni sem rekin er í öðru húsnæði. Þrír íbúar starfa þar og ljóst að með því að hafa einungis einn starfsmann með þeim eykst áhættan að upp komi óviðráðanlegar aðstæður sem leitt geta til atviks. Sú staða hefur komið upp að starfsfólk á Hlein taki að sér verkefni sem fylgir meiri ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu þess. Öryggi hefur þó ávallt verið sett í forgang en samkvæmt forstöðumanni má lítið út af bregða. Stjórnendur hafa miklar áhyggjur af því að náist ekki að manna heimilið samkvæmt mönnunarátætlun verði erfitt að veita nægilega örugga þjónustu sem tekur mið af flóknum þörfum íbúanna.

### *Starfsumhverfi*

Að mati forstöðumanns er starfshópurinn samheldinn og helgaður í starfi og starfsandinn almennt góður. Hver vakt hefst á greinagóðu rapporti. Teymisfundir eru haldnir á nokkurra vikna fresti. Regluleg samskipti eru á milli forstöðumanns og fagfólks Reykjalundar. Forstöðumaður hefur greiðan aðgang að sínum yfirmönnum og mikinn stuðning frá þeim.

### *Símenntun og endurmenntun*

Starfsfólk er hvatt til að sækja fyrirlestra og námskeið sem í boði eru á Reykjalundi. Bent hefur verið á vefnámskeið í skyndihjálp en starfsfólk hefur ekki verið skyldað til að fara á slíkt námskeið þar sem svigrúm í vinnutíma til að fara á námskeið er lítið.

## **Húsnæði og búnaður**

Húsnæði Hleinar var byggt á árunum 1990-1992 að stórum hluta fyrir söfnunarfé sem Lions-hreyfingin aflaði með sölu á rauðu fjöðrinni. Aðstandendur íbúa komu þar mikið að og voru í forsvari við uppbyggingu. Íbúar fluttu inn í húsið árið 1993. Húsnæðið er að fullu í eigu SÍBS, eiganda endurhæfingarmiðstöðvarinnar að Reykjalundi. Húsnæðið er rúmgott og bjart. Lagt er upp með að hver og einn íbúi hafi persónulega hluti í kringum sig og aðstandendur hafðir með því.

## **Mat embættis landlæknis**

Jákvætt er að umbótavinna og gæðastarf er markvisst og kerfisbundið. Embætti landlæknis hvetur stjórnendur og starfsfólk til að halda þeirri góðu vegferð áfram.

Ljóst er að mönnun á Hlein eins og hún er núna felur í sér hættu á skertri þjónustu við íbúana og lítið má út af bregða til að öryggi íbúa sé ógnað. Að mati embættis landlæknis er það óásættanlegt. Þeir sem búa á Hlein eru viðkvæmur hópur og þeir hafa jafnframt skert þol fyrir óstöðugleika og breytingum. Embætti landlæknis telur brýnt að styrkja mönnun fagfólks á Hlein. Núverandi mönnun hefur í för með sér að ófaglært starfsfólk tekur að sér verkefni sem ekki eru innan starfslýsingar þess og tekur þar með of mikla ábyrgð án þess að hafa viðeigandi þekkingu og þjálfun. Lítið sem ekkert svigrúm er til sí- og endurmenntunar. Það hefur áhrif á gæði þjónustunnar og umbótastarf, sem er áhyggjuefni.

Brýnt er að leita allra leiða til að tryggja viðeigandi mönnun til að gæði heilbrigðisþjónustunnar sem veitt er á Hlein skerðist ekki og upp komi sú staða að öryggi íbúa sé ógnað. Forstöðumaður á Hlein mun skila embætti landlæknis stöðuskýrslu er varðar mönnun í maí 2022.